

REGLUGERÐ

um línuívilnun.

1. gr.

Frá og með 1. september 2020, má við línuveiðar dagróðrabáta með línu, sem beitt er í landi, landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi, að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
2. Að línan sé stokkuð upp í landi með þeirri aðferð sem lýst er í 2. gr. og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
3. Að bátur komi til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða.
4. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
5. Að útgerðaraðili tilkynni um fyrirhugaðar línuveiðar til Fiskistofu, skv. 4. gr.
6. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið Gafl, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína eða lína stokkuð upp í landi samkvæmt upplýsingum útgerðaraðila.

2. gr.

Þegar lína er stokkuð upp í landi skal verkferill vera eftirfarandi:

Lína fer eftir röðum í uppstokkara með burstum um borð í bátnum. Beita er þar þvegin af. Þeir krókar sem eru heilir og rata rétta leið raðast á stökk, en línan sjálf fer í kassa ásamt þeim krókum sem ekki eru í lagi. Sá hluti línunnar, þar sem taumar hafa slitnað af, fer beint í kassann. Kassar eru síðan hífðir í land í körum og á þann stað sem uppstokkun fer fram. Uppstokkun fer þannig fram að kassanum er komið fyrir í sérstakt sæti og stökkurinn festur við stærri rekka. Hver krókur fyrir sig er færður handvirkt inn á þann rekka. Krókar eru réttir eða bætt á línuna og greitt úr flækjum eða hnútum. Þegar stökkurinn er tómur er línan flutt aftur á stökkinn sem hún var á og hann lagður í kassa.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuívilnun í þorski takmarkast við 1.200 tonn, 700 tonn af ýsu, 250 tonn af steinbít, 15 tonn af gullkarfa, 14 tonn af keilu og 50 tonn af löngu, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðiársins:

Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
1. september - nóvember	384	255	12	4	7	21
2. desember - febrúar	455	224	38	2	2	9
3. mars - maí	274	130	152	5	2	13
4. júní - ágúst	87	92	49	5	3	7
Samtals:	1.200	700	250	15	14	50

4. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð, sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Fiskistofa tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

5. gr.

Útgerðaraðili skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram fyrir fram um upphaf og lok þess tíma sem línuveiðar, skv. 1. gr. eru fyrirhugaðar. Fiskistofa ákveður nánar hvernig tilkynningunni skuli háttað. Tilkynningin gildir aldrei

lengur en þar til loka útgerðaraðilinn fiskveiðis tilkynnir um annað.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett, skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2020. Jafnframt fellur reglugerð nr. 677/2019, um línuívilnun úr gildi 1. september 2020.

~~Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. júlí 2020.~~

~~Kristján Þór Júlíusson~~

~~sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.~~

~~Arnór Snæbjörnsson.~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.